

Fimmtudaginn 4. október var haldinn félagsfundur í Hofi og hófst hann kl. 18:30.

Dagskrá:

1. Eiður Stefánsson formaður félagsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Jón G. Rögnvaldsson var kosinn fundarstjóri og Kristín Þorgilsdóttir fundarritari.
2. Róbert Farestveit hagfræðingur ASÍ fór yfir efnahagshorfur, þróun vaxta-, húsnæðis- og barnabóta. Að yfirferð lokinni bauð Róbert fólki að bera fram spurningar og spunnust nokkrar umræður um málefni.
3. Matarhlé var gert til 19:15
4. Kynning á skoðanakönnun FVSA.
Hanna Þórey Guðmundsdóttir frá Gallup fór yfir niðurstöðurnar. Hægt er að sjá niðurstöðurnar á heimasíðu félagsins.
5. Kynning á kröfugerð FVSA fyrir komandi kjarasamninga.
Eiður Stefánsson fór yfir kröfugerð FVSA fyrir komandi samninga og verður henni skilað til Landsambands íslenskra verslunarmanna (LÍV) sem mun fara með samningsumboð félagsins. Nokkrar umræður urðu um kröfugerðina.
6. Harpa Þorvaldsdóttir las upp ályktun FVSA sem fundurinn samþykkti að senda frá sér.
7. Vinningshafar vegna þátttöku í skoðanakönnun tilkynntir og vinningar afhentir.
8. Önnur mál.
Engar frekar umræður urðu og fundi var slitið kl. 20:45.